

Fimmtudagurinn 13. nóvember 1997 kl. 15:30

101. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 42/1997

**Kvörtun Karls K. Karlssonar ehf.  
vegna viðskipta með Campari**

**I.**

**Málavextir**

Í september 1996 bárust Samkeppnisstofnun tvö erindi vegna viðskiptahátta í innflutningi á áfengistegundinni Campari til landsins. Forsaga þeirra erinda er sú að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) átti um árabíl viðskipti við Campari-fyrirtækið á Ítalíu og keypti þaðan milliliðalaust áfengistegundina Campari Bitter sem var með 25% vínandastyrkleika. Í desember 1995 sendi ÁTVR pöntun til fyrrgreinds fyrirtækis sem tilkynnti ÁTVR nokkrum dögum síðar að Karl K. Karlsson ehf. væri nú einkainnflytjandi Campari á Íslandi og að pöntunin hefði verið framsend til þess fyrirtækis. Karl K. Karlsson ehf. bauð ÁTVR til sölu Campari Bitter með 21% vínandastyrkleika á hærra verði en áður hafði gilt og einnig voru skilyrði um lágmarksinnkaup strangari. ÁTVR hafnaði viðskiptum á grundvelli þessa tilboðs og reyndi að skipta áfram við Campari-fyrirtækið á Ítalíu. ÁTVR reyndi einnig að leita eftir viðskiptum við birgja á Norðurlöndum en án árangurs.

Í mars 1996 sendi Karl K. Karlsson ehf. ÁTVR nýtt tilboð og gerði ÁTVR pöntun á grundvelli þess tilboðs í apríl s.á. Áfengisverslunin flutti vöruna þá á milli söluflokka, úr kjarna í sérflokk, en af því leiðir að varan er aðeins fánleg á fjórum útsölustöðum ÁTVR í stað 24 áður. Í júlí s.á. var söluvara þessi flutt aftur í kjarna eftir að um það hafði verið sótt og stjórn ÁTVR fjallað um umsóknina.

Samkeppnisstofnun bárust tvö erindi, annars vegar erindi ÁTVR, dags. 18. september 1996, þar sem kvartað var yfir framangreindum viðskiptakjörum fyrirtækisins Karls K. Karlssonar ehf., auk þess sem því var haldið fram að Karl K. Karlsson ehf. hefði með aðstoð framleiðanda vörunnar reynt að þvinga ÁTVR til að ganga að þessum kjörum, með því að hindra samhliða innflutning. Hins vegar var um að ræða erindi Verslunarráðs f.h. Karls K. Karlssonar ehf. þar sem kvartað var yfir viðbrögðum ÁTVR við umræddum viðskiptakjörum, m.a. flutningi áfengistegundarinnar úr kjarna í sérflokk.

Samkeppnisráð afgreiddi umrædd erindi á fundi sínum þann 1. september 1997, með ákvörðun nr. 31/1997 þar sem sagði að samkeppnisráð teldi ekki forsendur til íhlutunar að svo stöddu. Ráðið taldi það álítaefni hvort um hindrun á samhliða innflutningi hefði verið að ræða, svo nátengt öðrum þáttum í ásökunum aðila málsins hvors gegn öðrum, að ekki yrði greint þar á milli.

Ákvörðun samkeppnisráðs var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og kvað nefndin upp úrskurð þann 3. nóvember sl. þar sem ákvörðun samkeppnisráðs var felld úr gildi og lagt fyrir ráðið að taka til efnislegrar ákvörðunar kvörtun þá sem fram kemur í erindi Verslunarráðs Íslands f.h. Karls K. Karlssonar ehf.

## **II. Niðurstöður**

Í erindi Verslunarráðs til Samkeppnisstofnunar, dags. 26. september 1996, sem áfrýjunarnefnd leggur fyrir samkeppnisráð að taka til efnislegrar skoðunar, er þess farið á leit að samkeppnisyfirvöld kanni hvort viðskiptahættir ÁTVR gagnvart Karli K. Karlssyni ehf. í viðskiptum með Campari brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í erindi Verslunarráðs kemur fram sú afstaða að viðskiptahættir ÁTVR í umræddum viðskiptum hafi falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu og er því til stuðnings vísað í ákvæði 1. og 17. gr. samkeppnislaga. ÁTVR hafi misbeitt stöðu sinni með því að taka 21% Campari frá Karli K. Karlssyni ehf. úr kjarna og hafa vöruna einungis á boðstólum í fjórum verslunum ÁTVR. Auk þess telur Verslunarráð það vera óeðlilega viðskiptahætti hjá ÁTVR að panta um langt skeið einungis lítið magn í einu frá

Karli K. Karlssyni ehf. og halda fyrirtækinu þannig í stöðugri óvissu um framhald viðskiptanna.

ÁTVR sækir stoð í reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda nr. 135/1996 (nú reglur nr. 186/1997). Samkvæmt umræddum reglum er áfengi skipt upp í flokka til sölumeðferðar. Um er að ræða svonefndan kjarna, reynsluflokk, þróunarflokk, sérflokk, mánaðarflokk og sérpantanir. Í kjarna eru þær sölutegundir sem fluttar hafa verið úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki þann 1. mars 1994 og hafa ekki fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglnanna. Áfengi í kjarna er til sölu í öllum aðalverslunum ÁTVR. Sérflokkur hins vegar tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni íúrvali, eins og segir í reglunum. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða áfengi er í sérvalsflokki. Í fjórða kafla reglna nr. 186/1997, sem fjallar um skilmála í viðskiptum við birgja, er að finna reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna, til reynslu eða í mánaðarflokki. Í ákvæði 4.7. (áður 11. tl. reglna nr. 135/1996) segir: „*Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímanna nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.*“

Einsýnt þykir að heimild til flutnings á 21% Campari úr kjarna í sérflokk, sem kvartað er yfir í erindi Verslunarráðs, er að finna í framangreindu ákvæði reglna nr. 186/1997. Samkeppnisráð telur að auki augljóst að Campari af 21% styrkleika sé ekki sama vara og Campari af 25% styrkleika. Samkeppnisráð hefur ekki heimild til beitingar þeirra íhlutunarheimilda sem felast í samkeppnislögum gagnvart athöfnum ÁTVR sem styðjast við reglur nr. 186/1997, sem hafa verið settar með formlega löglegum hætti, eða takmarka gildissvið þeirra á grundvelli samkeppnissjónarmiða, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 12/1997. Samkeppnisráð telur ljóst að íhlutunarheimildir ráðsins geti ekki tekið til þeirrar háttsemi ÁTVR sem um er deilt í máli þessu. Því telur ráðið ekki forsendur til að taka kröfur Verslunarráðs til greina.

Með heimild í 5. og 19. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð vakið athygli ráðherra á samkeppnishamlandi ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og bent opinberum aðilum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði. Að mati samkeppnisráðs

er á þessu stigi ekki ástæða til álits á grundvelli samkeppnislaga vegna þeirrar háttsemi ÁTVR sem kvartað er yfir.

### **III.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Kröfum Verslunarráðs f.h. Karls K. Karlssonar ehf. í máli þessu er hafnað.“**